

Minnisblað

Til: Menningarmálanefnd
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 27. ágúst 2021
Mnr. 2021040094



ÍSAFJARÐARBÆR

Framkvæmdaáætlun 2022-2032 - menningarmálanefnd

Á 157. fundi menningarmálanefndar þann 3. júní 2021 lagði undirrituð fram minnisblað, dags. 26. maí 2021, þar sem kynntar voru hugmyndir og tillögur að fjárfestingu og uppbyggingu sem mikilvægt væri að ætti sér stað varðandi menningarmál hjá Ísafjarðarbæ.

Eftirfarandi hugmyndir og tillögur voru til umræðu og var starfsmanni í kjölfarið falið að vinna málið áfram og leggja fyrir nefndina á nýjan leik:

1. Safngeymslur (Málefni safna í Ísafjarðarbæ – 2019080002)
2. Bókasafnið Ísafirði (Stefnumótun Safnahúss 2021-2024 – 2021050084)
3. Safnahúsið (Safnahús Ísafirði - endurbætur og viðhald – 2020060037)
4. Upplýsingamiðstöð ferðamála (Upplýsingamiðstöð Vestfjarða - framtíðaráform – 2020110034)
5. Byggðasafn Vestfjarða – bátageymsla (Málefni safna í Ísafjarðarbæ – 2019080002 og Aðstaða sjósportklúbbsins Sæfara við Suðurtanga 2 – 2019050091)
6. Svarta pakkhúsið (Afnot af Svarta pakkhúsinu Flateyri - Hús og fólk – 2020090034)
7. Verzlunin Bræðurnir Eyjólfsson (Húsnæði Minjasjóðs Önundarfjarðar - Hafnarstræti 3-5, Flateyri – 2021030080)

Í kjölfarið vann undirrituð að útfærslu framkvæmdaáætlunar hvað varðar menningartengda starfsemi, ásamt sviðstjóra umhverfis- og eignasviðs.

Niðurstaðan er sú að leggja til við skipulags- og mannvirkjanefnd að samþykkt verði eftirfarandi fjárfesting í fjárfestingaráætlun Ísafjarðarbæjar 2022-2032.

	Verkefni	Verkþættir	Fjárfesting skv. áætlun 2021	2022	2023	2024
1.	Húsnæði: Safngeymslur	Safngeymslur hönnunargögn	4.000 (ónotað)	4.000		
2.	Húsnæði: Safngeymslur og skrifstofur	Safngeymslur bygging nýs húsnæðis fyrir geymslu og vinnuástöðu héraðsskjalasafns, ljósmynda og listasafns (1000 m ² stálgrindarhús)			300.000	
3.	Húsnæði: Safnahús	Safnahús, endurbygging v. vatnsskemmda (veggir kjallari, gólf kjallari, loftræsting, gluggar)		30.000		
4.	Húsnæði:	Nýbygging Byggðasafni				260.000

	Byggðasafn nýbygging	Vestfjarða Upplýsingamiðstöð. 450 m ² (gler og timbur)				
5.	Húsnæði: Suðurtangi 2	Kaup á Suðurtanga 2, fram tíðarbátageymsla		30.000		

Verkefni nr. 1. og nr. 2. – Safngeymslur og vinnuaðstaða

Samkvæmt bókun á 1120. fundi bæjarráðs þann 7. september 2020 var bærstjóra falið að vinna að hönnun og þarfagreiningu geymslurýmis fyrir söfn sveitarfélagsins, samtímis hönnun og þarfagreiningu nýrrar slökkvistöðvar. Samkvæmt núgildandi fjárfestingaráætlun var gert ráð fyrir kr. 4.000.000 vegna hönnunarvinnu fyrir safngeymslur. Þarfagreining liggur fyrir í máli 2019080002, og var lögð fram á 154. fundi menningarmálanefndar, og 1127. fundi bæjarráðs. Gera má ráð fyrir að staðarvalsgreining slökkvistöðvar liggja fyrir síðar á árinu. Lagt er því til að hönnun safngeymslna og vinnuaðstöðu starfsfólks héraðsskjalasafns, ljósmyndasafns og listasafns verði samtvinnuð hönnun nýrrar slökkvistöðvar, og unnin á árinu 2022, og fjármunir þessa árs færðir til um ár.

Í kjölfarið þyrfti að áætla fjármuni til að reisa stálgrindarhús sem hýst gæti starfsemi beggja stofnana. Gera má ráð fyrir að 1000 m² hús, eingöngu fyrir safnastarfsemi, sé um kr. 300.000.000, en byggingarkostnaður pr. m² lækkar umtalsvert verði byggt stærra húsnæði sem rúmar starfsemi beggja stofnana.

Verkefni nr. 3. - Safnahús

Að þessu sinni er ekki lagt til að áætlað verði fyrir stækkun eða flutningi bókasafns úr Safnahúsi, en gera má ráð fyrir betri nýtingu hússins fyrir bókasafn, rýmki til þegar önnur safnastarfsemi flyst úr húsinu.

Aftur á móti er lagt til að fjárfest verði í endurbótum á Safnahúsinu, þ.e. endurbygging v. vatnsskemmda (veggir og gólf í kjallara, loftræsting, gluggar/rúður, o.fl. Gera má ráð fyrir kr. 30.000.000 vegna þessa. Á 157. fundi menningarmálanefndar þann 3. júní sl. var lögð fram ástandsskýrsla forstöðumanns vegna hússins og bókaði nefndin að hún telji mikilvægt að hugað verði að endurbótum á Safnahúsinu, sérstaklega myglu- og rakavandamálum í kjallara. Menningarmálanefnd lagði til við bæjarráð að samþykkt yrði að áætlað verði fyrir riflegum endurbótum á fjárhagsáætlun ársins 2022, sérstaklega varðandi kjallara innanhúss, raka við norðurgöfl, glugga að utanverðu og gler í gluggum. Menningarmálanefnd hefur lagt áherslu á að endurbótum verði lokið að fullu fyrir 100 ára afmæli hússins 17. júní 2025.

Málið var lagt fram í bæjarráði þann 7. júní 2021, á 1156. fundi, þar sem bókað var að bæjarráð tæki undir bókun menningarmálanefndar og fól bærstjóra að gera verk- og kostnaðaráætlun vegna viðhalds hússins og leggja fyrir bæjarráð. Hafin er vinna við kostnaðaráætlun hjá Tækniþjónustu Vestfjarða, og verður hún lögð fram við fyrsta tækifæri, en skv. áætlun sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs er líkleg útgjöld vegna þessa um kr. 30.000.000.

Verkefni nr. 4. - Byggðasafn Vestfjarða nýbygging

Þá er lagt til að til framtíðar, eða árið 2024, verði hugað að uppbyggingu húsnæðis á safnasvæði Byggðasafnsins, þ.e. að ljúka við hús það er nú hýsir Upplýsingamiðstöð ferðamála, geymslur, skrifstofur og vinnuástöðu starfsmanna Byggðasafns Vestfjarða. Nú þegar er grunnur hússins tilbúinn, um 400 m², og fyrirbyggjandi hönnunargögn gera ráð fyrir að nýtt hús verði úr timbri og gleri. Áætlað verð vegna byggingar er um kr. 260.000.000. Húsið myndi nýtast fyrir núverandi starfsemi, rýmka um Upplýsingamiðstöð, sem nauðsynlegt er vegna fjölgunar ferðamanna á svæðinu (ekki síst vegna aukningar skemmtiferðaskipa), svo og fyrir kaffihús eða aðra veitingastarfsemi. Með húsi af þessu tagi yrði þétting í þjónustu, starfsemi og uppbyggingu safna- og ferðamannasvæðisins í Neðsta kaupstað, og yrði bæjarfélaginu til sóma.

Verkefni nr. 5. – Suðurtangi 2

Þá er lagt til að á fjárfestingaráætlun yrðu sett kaup á eignarhluta Sjósportmiðstöðvarinnar að Suðurtanga 2 á Ísafirði. Mögulega mætti nýta húsnæðið til skamms tíma fyrir aðra sjó- og/eða íþróttatengda starfsemi, en horfa til framtíðaráforma um nýtingu hússins fyrir bátageymslur/-sýningar Byggðasafnsins, sbr. fyrrgreinda þarfagreiningu (sjá verkefni nr. 1 og nr. 2). Á 478. fundi bæjarstjórnar, þann 24. júní 2021 var samþykkt að vísa mögulegum kaupum á eignarhluta Sjósportmiðstöðvarinnar að Suðurtanga 2 á Ísafirði til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2022. Þar af leiðandi er lagt til að setja umrædd kaup á áætlun næsta árs, en fjárfestingin er um kr. 30.000.000 (kauptilboð hljóðar upp á 27m, en gera má ráð fyrir einhverju fjármagni vegna umskiptiskostnaðar).

Ekki er lögð til frekari uppbygging við Svarta pakkhúsið á Flateyri, þannig að til falli á fjárfestingaráætlun. Húsið hefur verið byggt upp í samráði við Minjastofnun í upprunalegri mynd.

Þá hefur sveitarfélagið afþakkað ánefningu hússins Verzlunar Bræðranna Eyjólfsson á Flateyri, en húsið er í eigu Minjasjóðsins á Flateyri.